

13. Hver er fyrir aftan mig?

Hver heldurðu að ég sé?



Málefni	Almenn mannréttindi, mismunun, fjölmiðlar og netið
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	10–13 ára
Tími	30 mínútur
Hópstærð	10–20 börn
Tegund verkefnis	Spurningaleikur sem byggist á stöðluðum viðbrögðum við ljósmyndum, umræður
Yfirlit	Börnin eiga að giska á hvaða persóna er fest á bakið á þeim út frá viðbrögðum annarra
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að ræða um staðalmyndir og áhrif þeirra og hvernig einstaklingar og hópar fólks eru „stimplaðir“ • Að gera sér grein fyrir hvernig samhengið er milli staðalmynda, fordóma og mismununar • Að greina þátt fjölmiðla í því að kynda undir staðalmyndum og fordómum
Undirbúningur	Safnaðu saman 25 myndum sem sýna fólk í ólíkum löndum og við mismunandi aðstæður. Festu myndirnar á pappaspjald. Valfrjálst: hægt er að plasthúða spjöldin. Númeraðu myndirnar.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • 25 myndir, festar á pappaspjald • Teiknibólur eða límband • Pappír og pennar • Flettitafla og merkipenni

Leiðbeiningar

- Útskýrðu verkefnið fyrir börnunum:
 - Það verður fest mynd af einhverri persónu á bakið á ykkur.
 - Allir eiga síðan að vera á rölti um stofuna. Þegar þið mætið einhverjum eigið þið að líta á myndina og segja nokkur orð sem lýsa almenningssálitinu á viðkomandi persónu. Það þarf ekki að vera ykkar persónulega álit en á að gefa í skyn staðlað viðhorf fólks gagnvart manneskju af þessu tagi. Orð ykkar geta verið jákvæð eða neikvæð og jafnvel óvinsamleg.
 - Skrifið niður það sem sagt er við ykkur og reynið að finna út hvers konar manneskjur þið eruð.
- Festu mynd á bakið á börnunum án þess að þau sjái af hverjum hún er. Láttu þau fá blað og blýant til að skrifa hjá sér það sem sagt er við þau.
- Segðu þeim að hefja leikinn, blanda geði og segja nokkur lýsandi orð hvert við annað. Eftir um það bil tíu mínútur skaltu kalla börnin saman.
- Byrjaðu á mynd númer eitt og segðu barninu að giska á hver persónan á myndinni er út frá viðbrögðum hinna barnanna. Fáðu barnið til að útskýra ágiskun sína. Spyrðu svo börnin, eitt af öðru, hvaða orð voru notuð um myndina og skrifaðu þau hjá númeri hennar.
 - Þegar öll börnin eru búin að giska tekurðu myndina og sýnir hópnum hana.
- Ræðið stuttlega um hverja mynd:
 - Hvar haldið þið að persónan á myndinni sé?
 - Hvað er hún að gera?
 - Sýnist ykkur þessi persóna njóta einhverra mannréttinda?



Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Var erfitt að finna réttu orðin til að lýsa því sem sagt er um fólk eins og það sem er á myndunum?
 - b. Hvernig fannst ykkur að þurfa að nota gróf eða ósanngjörn orð um manneskjuna á myndinni?
 - c. Var erfitt að giska á hver var á myndinni ykkar út frá því sem hinir sögðu?
 - d. Hvernig leið ykkur þegar þið heyrðuð hvað fólk sagði um manneskjuna sem þið lékuð?
 - e. Voru hugmyndir ykkar um fólkið á hinum myndunum öðruvísi en athugasemdirnar sem þið fenguð?
 - f. Gáfust einhverjir upp á því að giska á hver var á myndinni þeirra? Hvers vegna haldið þið að þeim hafi reynst það svo erfitt?
2. Ræðið um orðin sem notuð voru og tengið þau mannréttindum. Gættu þess að nota orð eins og *stimplun* og *staðalmyndir*, og spyrðu spurninga um listann á borð við:
 - a. Haldið þið að flest fólk hér á landi hafi einhvern tímann hitt manneskjur af þessu tagi?
 - b. Hvernig haldið þið að flestir móti sér hugmyndir um svona manneskjur? Skiptir fólk nokkurn tímann um skoðun?
 - c. Fær eitthvað ykkur til að skipta einhvern tímann um skoðun á einhverri manneskju?
 - d. Hvers vegna eru stimplanir og staðalmyndir ósanngjarnar?
 - e. Hvernig geta stimplanir og staðalmyndir leitt til þess að mannréttindi verði brotin?
 - f. Hvað segja þessi viðbrögð um það hvernig fólk lítur á aðra? Ættu allir að líta hlutina sömu augum?
 - g. Takið eftir að ýmsar hugmyndir um fólk sem við ekki þekkjum fáum við í fjölmiðlum (t.d. útvarpi og sjónvarpi). Ræðið um hvaða þátt fjölmiðlar eiga í því að ýta undir staðalmyndir með spurningum á borð við:
 - a. Hvernig kynna fjölmiðlar fólk frá öðrum löndum og menningarheimum? Þegar það býr í sínu eigin landi? Þegar það býr hér á landi?
 - b. Hvernig geta fjölmiðlar kynt undir stimplun og staðalmyndum?

Tillögur um framhald

Fjallað er um staðalmyndir í nokkrum öðrum verkefnum:

- Í „Myndaleikjum“, bls. 150, og „Alþjóðlegum sumarþúðum“, bls. 56, er fjallað um ýmiss konar staðalmyndir.
- Í „Strákar gráta ekki“, bls. 179, og „Einu sinni var ...“, bls. 78, eru staðalmyndir kynjanna til umfjöllunar.
- Í verkefnunum „Með bundið fyrir augu“, bls. 143, og „Allt sem við vitum“, bls. 53, er viðfangsefnið staðalmyndir af fötluðum börnum.

Hugmyndir um aðgerðir

- Börnin geta gert könnun á því hvernig annað fólk, börn og/eða fullorðnir, bregst við sömu myndunum. Og út frá niðurstöðum sínum geta þau tekið ákvörðun um hvernig fjalla skuli um staðalmyndir og fordóma.
- Finnið dæmi um nýlegan atburð, þar sem fólk frá öðrum menningarheimum kemur við sögu, og skoðið hvernig dagblöð, útvarp og sjónvarp greina frá málavöxtum. Berið saman umfjöllun ýmissa fjölmiðla um sama málið. Hvernig er framsetning þeirra á þeim málum sem varða mannréttindi?



- Ef börnin hafa aðgang að myndavélum geta þau sett upp myndasýningu undir yfirskriftinni „Svona er lítið á mannréttindi“ eða „Fjölbreytt mannlíf“ í samfélaginu.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Með því að nota ýmsar myndir og spyrja viðeigandi spurninga í samantektinni er hægt að beina sjónum að hvaða mannréttindamálefni sem er í þessu verkefni, t.d. kynjajafnrétti eða fátækt og félagslegri útskúfun.
- Val á myndum skiptir sköpum. Taka má myndir úr glanstímaritum, ferðabæklingum, gömlum dagatölum og póstkortum. Einnig er hægt að prenta út myndir úr Google-myndasafninu. Gættu þess að enginn texti fylgi myndunum en passaðu upp á upprunalega myndatextann og aðrar upplýsingar um myndirnar til að geta svarað öllum spurningum um þær.
- Til að öruggt sé að börnin skilji út á hvað verkefnið gengur geturðu sýnt þeim það með einni mynd áður en leikurinn hefst.
- Myndirnar ættu að sýna „lífið á jörðinni“ á sem fjölbreyttastan hátt; þarna ættu að vera myndir af einstaklingum og hópum, fólki á ólíkum aldri, frá ýmsum menningarheimum og með mismunandi hæfileika. Þarna ættu að vera myndir sem sýna borgarlíf og sveitalíf, iðnað og landbúnað, fólk að störfum og að skemmta sér, fólk af ólíkum uppruna, ýmsum litarhætti, ólíkum kynþáttum og trúarbrögðum. Ekki setja myndirnar í neins konar röð þegar þær eru númeraðar.
- Gæta skal þess að myndirnar sem valdar eru minni ekki á einhver persónueinkenni barnanna í hópnum, þannig að þeim kunnist að finnast það óþægilegt eða vandræðalegt.
- Mörg börn munu ekki geta greint á milli staðlaðra viðbragða og eigin skoðana. Þó að þetta verkefni geri kröfur til þeirra getur það einnig opnað þeim nýja og mikilvæga sýn á hlutina.

Breyting

Börnin eru afar mismunandi á vegi stödd hvað varðar þroska, almenna þekkingu á staðalmyndum og þá hæfni að geta „lesið“ mynd. Laga skal greininguna að getu hópsins.

